



## EFNI:

Færni- og heilsumat 2012 og 2013	bls. 1
----------------------------------	--------

### Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir  
sviðsstjóri, ábm.

Jónína M. Guðnadóttir

### Ritstjóri

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

### EMBÆTTI LANDLÆKNIS HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

Barónsstíg 47  
101 Reykjavík  
Sími: 510 1900  
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is  
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa  
fréttabréfs, sé heimildar getið.

## FÆRNI- OG HEILSUMAT 2012 OG 2013

Árið 2012 gekk í gildi ný reglugerð, [nr. 466/2012](#), um færni- og heilsumat vegna dvalar- og hjúkrunarrýma. Hin nýja reglugerð fól meðal annars í sér fækkun færni- og heilsumatsnefnda en þær eru nú 7 en voru 14 áður.

Með nýju reglugerðinni varð sú breyting á að ásamt því að meta þörf fólks fyrir varanlega búsetu á hjúkrunar- eða dvalarheimili skulu nefndirnar einnig meta þörf fólks fyrir svokallaðar hvíldarinnlagnir. Með hvíldarinnlögn er átt við tímabundna dvöl í hjúkrunarrými með það að markmiði að gera fólki kleift að búa lengur heima. Ljóst er að mikil þörf er fyrir slík úrræði en sem dæmi má nefna komu tæplega 1000 beiðnir um hvíldarinnlagnir inn á borð færni- og heilsumatsnefndar höfuðborgarsvæðisins árið 2013.

Árið 2012 voru afgreiddar 1519 umsóknir um búsetu á hjúkrunarheimilum á landinu öllu og

var ríflega helmingur umsókna frá höfuðborgarsvæðinu. Þá var úthlutað alls 834 hjúkrunarrýmum á árinu og 102 dvalarrýmum.

Nokkru fleiri umsóknir um búsetu á hjúkrunarheimilum voru afgreiddar árið 2013 heldur en árið áður. Þá voru afgreiddar 1680 umsóknir á landinu öllu, þar af 880 á höfuðborgarsvæðinu. Þá var á árinu 2013 úthlutað alls 978 hjúkrunarrýmum og 93 dvalarrýmum.

Embætti landlæknis hefur faglegt eftirlit með því að reglum um færni- og heilsumat sé fylgt. Þá hefur embættið umsjón með rekstri, viðhaldi og þróun rafrænnar færni- og heilsumatsskrár og hvíldarinnlagnarskrár.

*Sigríður Egilsdóttir*

### Færni- og heilsumat 2012

Færni- og heilsumatsnefndir	Höfuðborgarsvæðis	Vesturlands	Vestfirjar	Norðurlands	Austurlands	Suðurlands	Suðurnesja	Samtals
Fjöldi mála	808	87	25	217	57	272	53	1519
<b>Afdrif mála 2012</b>								
Mál samþykkt	589	82	25	178	56	247	50	1227
Málum synjað	219	5	0	39	1	25	3	292
Málum freslað (í vinnslu)	44	22	0	14	0	18	1	99
<b>Samtals</b>	<b>852</b>	<b>109</b>	<b>25</b>	<b>231</b>	<b>57</b>	<b>290</b>	<b>54</b>	<b>1618</b>
<b>Gild færni- og heilsumöt um áramót:</b>								
Fjöldi á biðlista	130	62	15	68	17	71	30	393
<b>Fjöldi hjúkrunarrýma - úthlutað á árinu</b>								
	497	53	10	115	52	72	35	834
<b>Fjöldi dvalarrýma - úthlutað á árinu</b>								
	16	26	10	18	2	30	0	102

*Tæplega 1.000  
beiðnir um  
hvíldarinnlagnir  
komu inn á borð  
færni- og  
heilsuáskilnaðsnefndar  
höfuðborgar-  
svæðisins árið 2013*

### Færni- og heilsumat 2013

Færni- og heilsuáskilnaðsnefndir	Höfuðborgar- svæðis	Vestur- lands	Vest- fjarða	Norður- lands	Austur- lands	Suður- lands	Suður- nesja	Samtals
<b>Fjöldi mála</b>	880	133	30	250	55	208	124	1680
<b>Afdrif mála 2013</b>								
Mál sarrþykkt	691	121	30	206	53	188	109	1398
Málumsynjað	189	16	0	44	2	20	15	286
Málum frestað (í vinnslu)	46	15	5	17	0	0	0	83
<b>Samtals</b>	<b>926</b>	<b>152</b>	<b>35</b>	<b>267</b>	<b>55</b>	<b>208</b>	<b>124</b>	<b>1767</b>
<b>Gild færni- og heilsuáskilnaðs um áramót:</b>								
<b>Fjöldi á biðlista</b>	121	53	8	67	13	55	39	356
<b>Fjöldi hjúkrunarrýma - úthlutað á árinu</b>								
	599	62	30	122	29	86	50	978
<b>Fjöldi dvalarrýma - úthlutað á árinu</b>								
	20	26	0	16	3	27	1	93